

## 27. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 13. febrúar 2014

Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum og hófst kl. 15:05.

**Mætt:** Valdimar O. Hermannsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Auður Ingólfssdóttir.

Forföll boðaði Adolf Guðmundsson.

Einnig eru mætt Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og Bergþóra Arnórsdóttir fundarritari.

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
  2. „Stjórnarsáttmáli“ Austurbrúar - samtal stjórnar um störf sín, viðmið o.fl.
  3. Fjárhagsáætlun Austurbrúar ses., 2014
  4. Húsnæðismál Austurbrúar – staðan, viðhaldsaðgerðir og áætlun
  5. Stefnumótun skapandi greina – frá fyrri fundum
  6. Samstarfssamningur SSA & Austurbrúar ses.
  7. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöðu ýmissa mála.
  8. Framtíðarsýn – Hvað er Austurbrú ses.?
  9. Önnur mál.
    - Fundur með fagráði í mars.
    - Beiðni frá FAUST um samtal.
    - Erindi, bréf o.fl. þ. h.
- 1. Fundargerð frá 26. stjórnarfundum lögð fram og undirrituð.**  
Fundargerðir framkvæmdaráðs frá 23. sept. og 7. feb. lagðar fram og staðfestar.
- 2. „Stjórnarsáttmáli“ Austurbrúar - samtal stjórnar um störf sín, viðmið o. fl.**

Stefán Bogi Sveinsson yfirgefur fund kl.16.15 eftir að hafa kynnt lið 4.

### **3. Fjárhagsáætlun Austurbrúar ses., 2014 .**

Anna Dóra og Karl fara yfir fjárhagsáætlun 2014.

Fjárhagsáætlun samþykkt. Karli falið að kynna forsendur fjárhagsáætlunar fyrir stjórn á næsta fundi.

### **4. Húsnæðismál Austurbrúar – staðan, viðhaldsaðgerðir og áætlun.**

Stefán Bogi fór yfir húsnæðismál, viðræður eru um fjármögnun, niðurstaða um framhald liggur fyrir eftir 10 daga, þá mun framkvæmdaráð funda með honum. Iðnaðarmenn eru til staðar sem geta tekið að sér að vinna verkefnið.

Stjórn ítrekar nauðsyn þess að bregðast við brýnasta viðhaldi sem allra fyrst.

### **5. Stefnumótun skapandi greina – frá fyrri fundum.**

Valdimar kynnir verkefnaáætlun sem liggur fyrir fundinum. Lagt fram til kynningar, afgreiðslu frestað til næsta fundar. Fjármögnunaráætlun þarf að liggja fyrir, framkvæmdaráð eða fulltrúar stjórnar munu funda með fulltrúa nýsköpunar og þróunar ásamt verkefnastjóra fljótlega, eða fyrir næsta stjórnarfund.

### **6. Samstarfssamningur SSA & Austurbrúar ses.**

Valdimar fer yfir drög að samstarfssamningi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Austurbrúar, lagt fram til kynningar. Arnbjörg setur fyrirvara við drögin eftir síðustu breytingar sem gerðar voru eftir samþykkt stjórnar SSA. Formaður kallar eftir athugasemdum frá stjórn, engar athugasemdir koma fram. Ef ekki verða breytingar á drögunum samþykkir stjórn samninginn.

### **7. Skýrsla framkvæmdastjóra.**

Fundur með Flugfélagi Íslands var 7.febrúar, fundur framundan með Icelandair 28. febrúar, verkefni um markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar er að skila umræðu í samfélaginu. Unnið er að undirbúningi ársfundar. Slit samrunafélaga, verið er að ljúka slitum Þekkingarnets og er þá búið að ganga frá slitum annarra félaga en Menningarráðs. Verið er að ljúka hönnunarvinnu við útlit og vefsíðu.

Stefnumótunarvinna hefur tekið breytingum, kynnt vinnuskjöl sem unnið er að, bæði stutt útgáfa og lengri.

Auður fer af fundi kl. 19.00.

### 8. Framtíðarsýn – Hvað er Austurbrú ses.?

Valdimar fjallar um stefnumótun og telur mikilvægt að kynna hana á fundi með fagráði í mars. Nauðsynlegt er að halda áfram vinnunni, og ljúka henna fyrir ársfund ef mögulegt er. Valdimar fjallar um markaðssetningu og veltir upp hvort stjórn, starfmenn og tengdir aðilar geti svarað því hvað Austurbrú er, mikilvægt er að allir tengdir aðilar hafi skýra sýn um hvert hlutverk Austurbrúar er.

### 9. Önnur mál.

- Beiðni frá fagráði um fund með stjórn í mars, ákveðið að boða þau á fund með stjórn 18. mars.
- Beiðni frá FAUST um samtal. Framkvæmdaráð mun hitta stjórn FAUST eftir miðjan febrúar, formanni falið að ákveða tíma í samráði við FAUST.
- Erindi, bréf o.fl. þ.h.  
Engin erindi liggja fyrir fundinum.

Fundi slitið kl. 19.15

---

Valdimar O. Hermannsson

---

Arnbjörg Sveinsdóttir

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Rögnvaldur Ólafsson

---

Sverrir Mar Albertsson

---

Þórunn Eymundardóttir

---

Auður Ingólfisdóttir

